

Erindisbréf

Starfshópur um húsnæði stjórnýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar

Stjórnýsla Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur aðsetur á þremur (fjórum) stöðum, ráðhúsinu Strandgötu 6, Strandgötu 4, Linnestíg 3 og Norðurhelli 2.

Ráðhús Hafnarfjarðar var byggt 1942 607,8 m². Byggt var við ráðhúsið í samvinnu við Sparisjóð Hafnarfjarðar 1961 (Strandgata 8-10). Huti Hafnarfjarðarkaupstaðar er 258,4 m² á tveimur hæðum samtals eignarhluti Hafnarfjarðarkaupstaðar 866,2 m².

Strandgata 4 í eigu Hafnarfjarðarbæjar, hluti ráðhúss er í um 415 m²

Íslandsbanki (áður Sparisj. Hafnarfj.) leigir Hafnarfjarðarkaupstað 1.575,4 m². Sem eru annars vegar í byggingunni Strandgata 8 -10 og hins vegar í Linnestsíg 3.

Í ráðhúsinu á Strandgötu 6, Strandgötu 4, Strandgötu 8-10 og Linnestsíg 3 eru stjórnýsluvið, fjármálasvið, þjónustu- og þróunarsvið, fjölskyldu og barnamálasvið og mennta og lýðheilsuvið.

Húsnæðið á Strandgötu og Linnestsíg uppfyllir ekki kröfur um aðgengi fyrir alla.

Umhverfis- og skipulagssvið er til húsa að Norðurhelli 2. Þar er einnig þjónustumiðstöð bæjarins. Skrifstofa umhverfis- og skipulagssviðs er á efri hæð hússins alls um 726 m². Skrifstofuhúsnæði á neðrihæð er um 690 m², þar er þjónustumiðstöð bæjarins með skrifstofur og þar er matsalur, fyrir allt starfsfólk hussins.

Alls um 3.600 m².

Í stjórnýsluúttekt Capacent segir. Stjórnýsla Hafnarfjarðarbæjar er staðsett á tveimur stöðum. Meginhluti starfseminnar er stýrt úr ráðhúsinu á Strandgötu en umhverfis- og skipulagsþjónusta (nú umhverfis- og skipulagssvið) er sinnt frá starfstöð bæjarins á Norðurhelli. Núverandi húsnæði ráðhússins við Strandgötu henti ekki lengur fyrir starfsemi sveitarfélagsins og að skipulag þess geti hindrað skilvirka teymisvinnu og þverfaglegt samstarf. Ólík vinnubrögð og menning á milli starfsemi á Strandgötu og Norðurhelli hefur leitt til erfiðleika í samstarfi í stórum verkefnum en slíkt gerir það einnig að verkum að starfsfólk upplifir vinnustaðinn ekki sem eina heild.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal sambætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku



Hlutverk og verkefni hópsins.

Meginverkefni hópsins er að greina og skoða stöðu húsnæðismál stjórnýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Hópurinn skal meðal annars skoða, óbreytta staðsetningu, byggingu nýs ráðhúss, endurbyggingu annars húsnæðis í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir ráðhús, viðbygging við ráðhúsið Strandgötu 6. Hópurinn skal skoða aðra kosti kjósi hann svo. Hópurinn skal skoða hvort tveggja, að húsnæði verði í eigu bæjarfélagsins sem og leiguhúsnæði.

Hópnum er heimilt að kalla til utanaðkomandi ráðgjafa vegna verkefnisins eftir því sem þörf er á. Fjárheimildir skulu vera fyrir þeim útgjöldum.

Skipulag:

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að erindisbréfið hefur verið afgreitt í bæjarráði og skipað í hópinn.

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Hópurinn skal skila skýrslu til bæjarráðs í október 2020.

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarráðs.

Skipaðir vera 5 aðilar í starfshópinn:

3 frá meirihluta

2 frá minnihluta

Með hópnum starfa:

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri,

Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnýslusviðs

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu

Samþykkt í bæjarráði,

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku